

IV. KAFLI

Um meðferð þeirra, er misnota önnur slævandi eða örvandi efni.

18. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að lög þessi taki einnig til þeirra, sem misnota önnur slævandi eða örvandi efni, að því leyti, sem við getur átt, og skal þá sérstök reglugerð sett þar um.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, svo og síðari breytingar á þeim lögum.

Gjört að Bessastöðum, 19. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist þannig:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, allt að 100.00 kr. á ári, eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Þó má hækka gjaldið í allt að 250.00 kr. á ári, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 24 17. marz 1954 og lög nr. 43 29. marz 1961.

Gjört að Bessastöðum, 20. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.